

Þriðjudaginn 24. nóvember 1964.

Nr. 187/1964. Ákærvaldið

gegn

Sveini Björgvin Jakobssyni og
Bjarna Þorsteinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Stefán M. Stefáns-son, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Saksóknari ríkisins, sem fékk gögn sakadóms í hendur 5. nóvember 1964, hefur með kæru 6. s. m. skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 6. tölu- lið 172. gr. laga nr. 82/1961, og bærust dóminum skjöl máls- ins hinn 14. þ. m. Krefst saksóknari þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, vitninu Bjarna Þorsteinssyni verði lýst rétt og skylt að staðfesta framburð sinn á venjulegan hátt og að kærumálskostnaður verði lagður á ákærða Svein Björgvin Jakobsson.

Engar greinargerðir hafa dóminum borizt í máli þessu.

Með ákæru 1. júlí 1964 höfðaði saksóknari ríkisins opin- bert mál á hendur Sveini Björgvin Jakobssyni fyrir líkams- árás samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/ 1940, eins og nánar getur í hinum kærða úrskurði. Í ákæru er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar, en vitnið Bjarni Þor- steinsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, kr. 71.300.00.

Hinn 28. október 1964 bar Bjarni Þorsteinsson vætti í málinu í sakadómi Kópavogs, en staðfesti eigi vætti sitt, eins og um getur í hinum kærða úrskurði.

Engin ákvæði eru í lögum, sem standa því í vegi, að sá, sem hefur uppi bótakröfu í opinberu máli, staðfesti vætti sitt. Hefur og sá háttur verið hafður á í rannsókn þeirra

mála, enda metur dómari síðar gildi slíks vættis. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 26. október 1964.

Málavextir eru þessir:

Með ákæruskjali, dagsettu 1.7. 1964, var höfðað mál af hálfu saksóknara ríkisins á hendur Sveini Björgvin Jakobssyni, Skólagarði 11, Kópavogi, fyrir líkamsárás á hendur Bjarna Þorsteinsyni, Bogahlíð 15, Reykjavík, aðfaranótt laugardagsins 27. júlí 1963, um kl. 0300. Svo sem í ákæruskjali er rakið, telur saksóknari ríkisins, að ákærði hafi þá og þar veitzt að nefndum Bjarna í innra anddyri hússins að Hraunbraut 33, Kópavogi, með þeim afleiðingum, að þeir féllu báðir af tveggja þrepa palli niður í innra gang hússins, og Bjarni tvíbrotnaði á vinstri ökla. Ákærði hafði áður hrint Bjarna og öðrum manni, sem þar var staddur, Ólafi Sigurlinnasyni, í átt að útidyrnum og jafnframt rifið í föt Bjarna.

Með bréfi, dagsettu 1. júlí 1964, var þess krafizt af hálfu ákæruvaldsins, að rannsókn málsins yrði lokið, m. a. með því að staðfestur yrði framburður nefnds Bjarna og lagt yrði fram læknisvottorð um meiðsli hans, sjúkralegu og batahorfur og málið að öðru leyti rannsakað, eftir því sem ástæða þætti til, og síðan dómtekið samkvæmt meðfylgjandi ákæru.

Með bréfi sakadóms Kópavogs, dagsettu 8. október 1964, var þess óskað, að ákæruvaldið rökstyddi kröfur sínar um staðfestingu á framburði Bjarna Þorsteinssonar fyrir dómi.

Í bréfi ákæruvaldsins, dagsettu 21.10. 1964, verður þess ekki vart, að áður nefndri ósk hafi verið sinnt. Hins vegar er enn krafizt staðfestingar á framburði margnefnds Bjarna án frekari málsútlísta.

Af þeim sökum verður sá þáttur málsins tekinn til úrskurðar samkvæmt þeim gögnum, sem nú liggja fyrir.

Lög nr. 82/1961, 101. gr., hafa að geyma reglur um það, hverja aldrei má láta heitfesta eða staðfesta skýrslu sína.

Það verður að telja, að 101. gr. laga nr. 82/1961 sé eigi tæm-
andi að þessu leyti og að óhæfa sé að láta ýmsa aðra staðfesta
skýrslu sína.

Er það á valdi dómstólanna hverju sinni að meta, hvort hæfa
þykir, að vitni staðfesti skýrslur sínar eða eigi.

Þar sem áður nefndur Bjarni Þorsteinsson, sem er árásarþoli
í máli þessu, hefur haft uppi skaðabótakröfur, að upphæð kr.
71.300.00, á hendur ákærða, verður að telja, að hann hafi mjög
verulegra hagsmuna að gæta af málalokum. Skiptir og eigi
máli, þótt nefndur Bjarni hefði engar bótakröfur gert í máli
þessu, því að ætla má, að hann hefði verulegra hagsmuna að
gæta af málalokum í opinbera málinu, þar sem ætla má, að
niðurstaðan í því máli yrði lögð til grundvallar í hugsanlegu
einkamáli.

Hér kemur og til, að ekki þykir hæfa í sambandi við bótamál
það, sem fylgir opinbera málinu, að gefa skýrslu nefnds Bjarna
meira gildi með staðfestingu fyrir dómi heldur en skýrslu ákærða,
sem eigi má staðfesta skýrslu sína, enda gæti hæglega af því
leitt, að nefndur Bjarni næði hagstæðari málalokum en ella vegna
áður nefnds ójafnræðis aðiljanna, og það hvort sem hann hefði
haft uppi kröfur sínar í refsimálinu eða eigi vegna jákvæðra
verkana dóma.

Þar sem nú töluvert ber á milli í skýrslum ákærða og nefnds
Bjarna og samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir dóm-
aranum nauðsyn bera til að synja um staðfestingu á nefndu vitni.

Því úrskurðast:

Krafa saksóknara ríkisins um, að vitnið Bjarni Þorsteins-
son staðfesti skýrslu sína fyrir dómi, verður eigi tekin til
greina.
